

Ed.

64. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 37 27. júní 1921, um lestagjald af skipum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

2. gr. laganna breytist og verði þannig:

Lögreglustjórar innheimta gjald þetta í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Um greiðslu gjaldsins í rikissjóð fer sem um aukatekjubókargjöld.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1946.

Greinargerð.

Fjárhagsnefnd flytur frv. þetta að beiðni fjármálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um einstök atriði frv. og málið sjálft.

Frv. fylgdi eftirfarandi greinargerð:

„Í 2. gr. nefndra laga er svo ákveðið, að gjaldið skuli innheimt á manntalsþingum og greiðast í því lögsagnarumdæmi, sem skip er skrásett. Fari svo um greiðslu gjaldsins í rikissjóð sem um önnur manntalsbókargjöld.

Ýmis önnur gjöld af fiskiskipum og fleiri skipum og gjöld í sambandi við útgerð þeirra eiga að greiðast í byrjun útgerðartímans og eru talin með aukatekjubókargjöldum. Það þykir því hentugra, að sama regla gildi um lestagjaldið og t. d. um vitagjaldið, gjöld fyrir slysatryggingar, haffærisskirteini, lögskráningar- og skoðunargjöld og gjöld þessi verði öll innheimt í einu lagi, sem bæði auðveldar og flýttir fyrir innheimtunni.

Rétt þykir þó, einkum vegna gjaldsins af skipum í utanlandssiglingum, að gjald-
daginn sé miðaður við ákveðinn dag í síðasta lagi.“